



**100. fundur Byggðaráðs Múlapings  
haldinn í fundarsal sveitarstjórnar, Lyngási 12 Egilsstöðum, þriðjudaginn 21.  
nóvember 2023  
og hófst hann kl. 09:00**

**Fundinn sátu:**

Vilhjálmur Jónsson varaformaður, Ívar Karl Hafliðason aðalmaður, Hildur Þórisdóttir aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir varamaður, Pröstur Jónsson áheymarfulltrúi, Guðný Lára Guðrúnardóttir varamaður, Björn Ingimarsson sveitarstjóri, Guðlaugur Sæbjörnsson fjármálastjóri og Inga Þorvaldsdóttir fundarritari.

**Fundargerð ritaði:** Inga Þorvaldsdóttir, fulltrúi á stjórnsýslusviði

**Dagskrá:**

**1. 202301003 - Fjármál 2023**

Fjármálastjóri og sveitarstjóri fóru yfir og kynntu mál er varða fjármál og rekstur sveitarfélagsins.

Lagt fram til kynningar.

**2. 202306001 - Fjárhagsáætlun Múlapings 2024 - 2027**

Fyrir liggur fjárhagsáætlun 2024, ásamt þriggja ára áætlun, sem vísað hefur verið til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Í vinnslu.

**3. 202012168 - Skriðuföll á Seyðisfirði**

Sveitarstjóri gerði grein fyrir samskiptum vegna mögulegra kaupa sveitarfélagsins á fasteigninni að Hafnargötu 40B á Seyðisfirði og fór yfir drög að kaupsamningi.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings veitir sveitarstjóra umboð til að ganga frá kaupum á fasteigninni að Hafnargötu 40B á Seyðisfirði, fyrir hönd sveitarfélagsins, í samræmi við ákvæði fyrirbyggjandi draga að kaupsamningi.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**4. 202211111 - Kaupvangur 11, Bragginn**

Fyrir liggur niðurstaða starfshóps um framtíðarstarfsemi braggans, Kaupvangi 11, Egilsstöðum, sem samþykkt var á fundi starfshópsins 6. október 2023. Einnig liggur fyrir minnisblað og kostnaðaráætlanir varðandi breytingar og niðurrif á bragganum.



Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings samþykkir að farið verði að tillögu meirihluta starfshóps um framtíð braggans, Kaupvangi 11, Egilsstöðum, að því gefnu að mögulegt verði að raungera tillögur 2 eða 3 innan ásættanlegra tímmarka og felur eignasviði framkvæmd verksins í samráði við forstöðumann Sláturhússins.

Samþykkt með 3 atkvæðum, einn sat hjá (ÁMS) einn á móti (ÍKH)

Pröstur Jónsson lagði fram eftirfarandi bókun:

Forðumst ákvarðanafælni. Bragginn er handónýtt hús sem í upphafi var reyst til bráðabyrgða um miðja síðustu öld. Er ekki nóg komið af kostnaðarhýtum við að gera upp vonlaust rusl? Ruslahauga ber að fjarlægja, Bragginn er ruslahaugur, rífum hann og fjarlægjum.

Ívar Karl Hafliðason lagði fram eftirfarandi bókun:

Sé horft til tíu ára framkvæmdaráætlun Múlapings og viðhaldsþörf annars húsnæðis í eigu Múlapings er ljóst að ekki er forsvaranlegt að setja peninga í uppbyggingu/viðgerðir á braggnum.

Tel best að fara þessa leið að rífa hann enda ástand hans orðið mjög dapurt og nánast hættulegt. Það er síðan hægt að vinna áfram í því að finna framtíðarnýtingu á lóðinni sem bragginn stendur á.

#### 5. **202311041 - Reglur um Menningarstyrki Múlapings**

Verkefnastjóri menningarmála, Jónína Brá Árnadóttir, kom inn á fundinn undir þessum lið og fór yfir minnisblað varðandi úthlutun menningarstyrkja.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings samþykkir breytingartillögur vegna úthlutun á menningarstyrkjum Múlapings og felur verkefnastjóra menningarmála að sjá til að unnið verði samkvæmt þeim.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

#### 6. **202311115 - Fundir sveitarstjórnar, ráða og heimastjórna janúar til júlí 2024**

Fyrir liggur tillaga að fundadagatali sveitarstjórnar og fastanefnda Múlapings janúar til júlí 2024.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi tillögur að fundadagatali sveitarstjórnar og fastanefnda Múlapings janúar til júlí 2024.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

#### 7. **202308092 - Beiðni um umsögn um geymslustað ökutækjaleigu, Hollywood ehf**

Fyrir liggur beiðni frá Samgöngustofu um umsögn um geymslustað ökutækja auk umsagnar skipulagsfulltrúa Múlapings.



Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Þar sem fyrir liggur að umsókn um að reka ökutækjaleigu að Litluskógum 6, 700 Egilsstöðum fellur ekki að gildandi skilmálum aðalskipulags Fljótsdalshéraðs 2008-2028 samþykkir byggðaráð Múlaþings, fyrir hönd sveitarfélagsins, að veita neikvæða umsögn um veitingu starfsleyfis vegna þessa. Skipulagsfulltrúa falið að koma umsögn sveitarfélagsins á framfæri.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**8. 202304031 - Fundagerðir SSA 2023**

Fyrir liggja fundagerðir stjórnar SSA, dags. 28.08. og 20.10.2023.

Lagt fram til kynningar.

**9. 202311030 - Fundagerðir Austurbrúar og upplýsingapóstur 2023**

Fyrir liggur fundagerð stjórnar Austurbrúar, dags. 20.10.2023.

Lagt fram til kynningar.

**10. 202310210 - Aðalfundur HAUST 2023**

Fyrir liggur fundagerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Austurlands bs., dags. 07.11.2023.

Lagt fram til kynningar.

**11. 202310203 - Samráðshópur um framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði**

Fyrir liggur fundagerð samráðshóps um framtíðaruppbygging atvinnulífs á Seyðisfirði, dags. 13.11.2023.

Lagt fram til kynningar.

**12. 202301167 - Fundagerðir stjórnarfundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 2023**

Fyrir liggur fundagerð stjórnar Samtaka svávarútvegssveitarfélaga, dags. 14.11.2023.

Lagt fram til kynningar.

**13. 202305117 - Fundagerðir stjórnar Tækniminjasafns Austurlands 2023**

Fyrir liggur fundagerð aðalfundar Tækniminjasafns Austurlands, dags. 14.11.2023.

Lagt fram til kynningar.

**14. 202301189 - Almannaþingarnefnd í umdæmi lögreglustjórans á Austurlandi - fundagerðir 2023**



Fyrir liggur fundargerð fundar Almannaþingar, dags. 16.11.2023.

Lagt fram til kynningar.

**15. 202311076 - Vatnaskil. Samantekt íbúafundar**

Fyrir liggur samantekt samráðsfundar á Eiðum í tengslum við verkefnið Vatnaskil og var yfirskrift fundarins „Hjarta mitt slær í sveitinni“ samtal um framtíðartækifæri í sveitum Austurlands“.

Lagt fram til kynningar.

**16. 202311137 - Umsagnarbeiðni um 478. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis**

Fyrir liggur til umsagnar frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 478. mál.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð samþykkir að fela sveitarstóra að skila inn umsögn í samræmi við umræðu á fundinum.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:50**

